



Tillögur ASÍ-UNG að breytingum á lögum Albýðusambands Íslands. Þing Albýðusambands Íslands, haldið í Reykjavík 17. – 19. október 2012.
Breytingartillögur lagðar fram á 2. þingi ASÍ-UNG 14. september 2012

1. Breyting á 29. gr.

Greinin hljóðar svo:

"Í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).

Rétt til setu eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Þingið kýs sér nú manna stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ á milli þinga.

Stjórn ASÍ-UL á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UL á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UL með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ."

Tillaga að nýrri 29. gr.:

"ASÍ-UNG er samráðsveitvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ ~~komi kemur~~ saman sérstakt þing ASÍ-UNG ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið kýs sér formann og átta nýu manna í stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.

Stjórn ASÍ-UNGL á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UNGL á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNGL með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ."

Greinargerð stjórnar ASÍ-UNG:

*Stjórn ASÍ-UNG vill vekja athygli á því að í mörgum aðildarfélögum ASÍ geta einstaklingar sem náð hafa 16 ára aldri sótt um formlega inngöngu í stéttarfélögin, og þ.a.l. telur stjórn ASÍ-UNG eðlilegt að aldursmarkið sé miðað við 16 ára til að sitja á þinginu. En hins vegar þarf einstaklingurinn að hafa náð 18 ára aldri til að geta tekið að sér stjórnarsetu eða formannssætið.

*Stjórn ASÍ-UNG finnst mikilvægt að gefa aðildarfélögum kost á að senda fleiri fulltrúa en einn á þingið. M.a. til að gefa ungum virkum félagsmönnum tækifæri til að sitja þingið, til að efla tengslanet milli ungs launafólks og til að auka þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins.

*Stjórn ASÍ-UNG telur mikilvægt að formaður ASÍ-UNG sé kosinn sérstaklega á þinginu. Formaður þarf að vera með gott bakland og mikilvægt er að hafa stuðning þingsins. Það að stjórn skiptir með sér störfum, er ekki eins sterkt út á við og því leggur stjórn ASÍ-UNG þessa tillögu fram.

